



Fundargerð 308.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 26. ágúst 2026 kl. 16.15 fór fram á skrifstofu HN við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Sverre Andreas Jakobsson formaður, Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir varaformaður, Róbert F. Jósavínsson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Heimir Örn Árnason, Helgi Steinar Halldórsson, Jóhannes Már Pétursson og Ólafur Rúnar Ólafsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning á starfsemi HN.

Hafnarstjóri kynnti ítarlega starfsemi Hafnasamlags Norðurlands fyrir nýrri stjórn. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust um ýmsa þætti starfseminnar í kjölfar kynningarinnar.

2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun HN 2027.

Umræður fóru fram um áætlanir næsta árs og hafnarstjóra falið að vinna þær í anda umræðunnar á fundinum.

3. Hafnasambandsþing 2026.

Þing Hafnasambands Íslands 2026 verður haldið fimmtudaginn 22. og föstudaginn 23. október í Stapa í Reykjanesbæ. Eftirtaldir stjórnarmenn sitja þingið fyrir hönd Hafnasamlags Norðurlands, Sverre Andreas Jakobsson formaður, Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir varaformaður, Bjarki Brynjólfsson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Helgi Steinar Halldórsson og Ólafur Rúnar Ólafsson.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.55